

Kennsluáætlun

Skólaár: 2019 - 2020

Kennari: Svandís Halldórsdóttir

Árgangur: 1. bekkur - 2013

Önn: Kennt í lotum, 5 hópar yfir veturinn sem mæta í tvöfalda kennslulotu í 6-7 vikur.

Námsgrein: Verkleg náttúrufræði

Fjöldi kennslustunda: 12-14 kennslustundir í heildina

Lota	Hæfniviðmið	Námsmarkmið	Viðfangsefni	Námsmat
1	<p>Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</p> <p>Tekið þátt í samræðu í jafningjahópi.</p>	<p>Rannsaka skólann sinn. Kynnast náttúrufræðistofunni og læra umgengnisreglur í henni.</p> <p>Læra að segja frá og hlusta á hvað aðrir hafa að segja.</p>	<p>Skoða skólann okkar og náttúrufræðistofuna okkar. Skoða beinasafn af dýrum og býflugnabú og heyra og deila sögum.</p>	<p>Mat kennara á hvernig gengur að taka þátt í samræðum tímans og hlusta á þá sem tala hverju sinni. Jafningjamat á hvernig gengur að ræða saman.</p>
2	<p>Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.</p> <p>Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu.</p> <p>Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti.</p>	<p>Kynnast nærumhverfi sínu. Gera athugun á skólalóðinni og finna út hvað flokkast sem náttúra og hvað er ekki náttúra.</p>	<p>Skoða nærumhverfi skólans.</p> <p>Umræður um hvað er náttúra og hvað ekki á skólalóðinni og gera plaggat sem sýnir skilning á muninum.</p>	<p>Plaggat nemenda og þátttaka í umræðum á skólalóðinni.</p>

3	<p>Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir inni.</p> <p>Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</p>	<p>Læra um lífverur í nærumhverfi sínu.</p> <p>Læra að nota víðsjá, stækkunargler og hlustunarpípu.</p>	<p>Lífverur í nærumhverfi skólans.</p> <p>Rannsaka með áhöldum lífverur í náttúrufræðistofunni.</p>	<p>Verkefnablað um rannsókn lífvera í tímanum.</p> <p>Jafningjamat á hvernig gengur að ræða saman.</p>
4	<p>Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.</p> <p>Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.</p> <p>Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.</p>	<p>Læra um lífverur í nærumhverfi sínu.</p> <p>Læra reglur í vettvangsferðum.</p> <p>Skoða nærumhverfi skólans.</p> <p>Ganga vel um náttúruna</p>	<p>Lífverur í nærumhverfi skólans.</p> <p>Rannsaka nærumhverfi skólans.</p> <p>Sýna náttúru og heimili lífveranna tillitsemi.</p>	<p>Viðtal við nemendur tekið upp á myndband og metið hvernig gekk að svara.</p>
5	<p>Undirbúningur fyrir að læra um mismunandi ástand efna.</p> <p>Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.</p> <p>Tekið þátt í samræðu í jafningjahópi.</p>	<p>Læra hvernig efni getur breyst úr fljótandi í fast form.</p> <p>Æfa samræður og að lýsa lífverum.</p>	<p>Breyta rjóma í smjör og smakka hvernig bragðast.</p> <p>Æfa sig að lýsa lífveru fyrir hvort öðru og hinn giskar á lífveruna.</p>	<p>Jafningjamat á hvernig gengur að ræða saman og lýsa lífverum.</p>

6	Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.	Læra umgengni um vaska í náttúrufræðistofunni. Læra um flotkraft. Flokka það sem flýtur og flýtur ekki.	Láta mismunandi hluti fljóta eða sökkva. Klippa mynd af hlutunum og flokka í tvo dálka eftir því hvort það flýtur eða ekki. Telja og skrifa hversu margir hlutir fljóta og sökkva.	Verkefnablað
7	Engin hæfnimarkmið þar sem smiðjan er yfirleitt 6 tímar.	Rifja upp það sem við höfum lært í smiðjunni.	Stöðvar í náttúrufræðistofunni með því sem við höfum lært í smiðjunni.	Meta nemendur út frá frammistöðu í tímanum. Athuga hvort einhver hefur misst úr tíma eða hvort einhver hafi bætt sig.